



Desember 2022

Efni:

Fræðsluefni fyrir Quetiapin Actavis 25 mg, 100 mg, 200 mg filmuhúðaðar töflur

Ágæti læknir,

Í nýsamþykktari áætlun um áhættustjórnun fyrir quetiapínfúmarat var gerð sú breyting að filmuhúðuðum töflum fylgir nú fræðsluefni fyrir lækna. Áður var fræðsluefni fyrir lækna eingöngu fyrir forðalyfjaform.

Fræðsluefnið samanstendur af:

- **Fræðsluefni um mikilvægar upplýsingar sem þarf að hafa í huga þegar lyfinu er ávísað**

Fræðsluefnið er útbúið og því miðlað/dreift til að uppfylla kröfur lyfjayfirvalda, en markmiðið er að auka öryggi og tryggja rétta notkun lyfsins. Fræðsluefnið er ætlað læknum sem búast má við að ávísi Quetiapin Actavis. Fræðsluefnið ásamt Samantekt á eiginleikum lyfsins (SmPC) og fylgiseðil má nálgast á vef Lyfjastofnunar, www.serlyfjaskra.is.

Þetta fræðsluefni inniheldur upplýsingar um rétta notkun Quetiapin Actavis við alvarlegum geðlæggðarlotum í geðhvarfasjúkdómi ásamt þörfinni á auknu eftirliti með efnaskiptum, utanstrýttueinkennum og svefnhöfga hjá þeim sjúklingum sem nota lyfið. Mælt er með því að læknar kynni sér fræðsluefnið og styðjist við þær upplýsingar sem þar koma fram samhliða samantekt á eiginleikum lyfs (SmPC). Viðtakendur fræðsluefnisins eru sérfræðingar í geðlækningum, heimilis- og heilsugæslulæknar. Texti fræðsluefnisins hefur verið yfirfarinn af Lyfjastofnun og er birtur á [serlyfjaskra.is](http://www.serlyfjaskra.is).

Heilbrigðisstarfsmenn eru hvattir til að tilkynna allar aukaverkanir sem grunur er að tengist lyfinu til Lyfjastofnunar: <http://lyfjastofnun.is> eða í gegnum eyðublað (Tilkynning um aukaverkun) sem er að finna í Sögu.

Frekari upplýsingar má fá hjá Teva Pharma Iceland ehf, sími 550 3300, teva@teva.is

Virðingarfyllst,

Ragnheiður Thoroddsen

Pharmacovigilance & Medical Operations Manager

Teva Pharma Iceland ehf.